

LÖG**um breytingu á barnalögum, nr. 9/1981.****HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS**

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru.

1. gr.

Á eftir 2. málsg. 29. gr. laganna komi ný málsg. svohljóðandi:

Hafi foreldrar barns fengið skilnað erlendis og svo háttar til að því foreldri, sem ekki hefur forsjá barns, hefur ekki verið gert að greiða meðlag með því, t. d. vegna fjárhagsörðugleika, getur valdsmaður úrskurðað meðlag til forsjáforeldris á hendur Tryggingastofnun ríkisins, enda leggi það fram hið erlenda skilnaðarleyfi eða skilnaðardóm fyrir valdsmanninn. Ríkissjóður endurgreiðir þessar fjárhæðir en Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimtir þær eftir því sem fært reynist.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 24. júní 1985.***Steingrímur Hermannsson.****Ólafur Þ. Þórðarson.**
(L. S.)**Magnús Þ. Torfason.**

*Steingrímur Hermannsson.***LÖG****um veitingu ríkisborgararéttar.****HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS**

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru.

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Adamsson, Doris Anita, húsmóðir í Öngulsstaðahreppi, f. 30. mars 1960 í Svíþjóð.
2. Anna Lísu Siti Jóhannsdóttir, barn í Svíþjóð, f. 16. júlí 1983 í Indónesíu.
3. Anoruo, Fidelia Emmanuel, verkakona í Reykjavík, f. 12. apríl 1952 í Nígíeríu.
4. Ballzus, Claus Carl, verkfræðingur í Reykjavík, f. 11. mars 1950 í Pýskalandi.

5. Belomajova, Tatjana Veselinova, húsmóðir í Reykjavík, f. 20. mars 1949 í Búlgaríu.
6. Clinceanu, Eugenia-Dorina, einkaritari í Reykjavík, f. 1. mars 1945 í Rúmeníu.
7. Fucci, Cosimo, nemi í Reykjavík, f. 22. febrúar 1962 á Ítalíu.
8. Hafdell, Jeanette Ann, kennari í Kópavogi, f. 29. janúar 1944 í Bandaríkjunum.
9. Haní, Abdelazíz, iðnnemi í Reykjavík, f. 2. janúar 1954 í Marokkó.
10. Hansen, Rikhard Dürke, vélvirki á Ísafirði, f. 9. mars 1954 á Íslandi.
11. Hentze, Artha, húsmóðir í Reykjavík, f. 2. janúar 1941 í Færeyjum.
12. Hübner, Tryggvi Júlíus, nemi í Kópavogi, f. 11. janúar 1957 á Íslandi.
13. Jósep Þorbjörnsson, verkamaður í Keflavík, f. 4. desember 1966 á Spáni.
14. Jurczak, Krystyna Anna, húsmóðir í Reykjavík, f. 22. júlí 1953 í Póllandi.
15. Jünemann, Ursula Elisabeth, kennari í Mosfellssveit, f. 28. desember 1950 í Þýskalandi. Fær réttinn 27. nóvember 1985.
16. Kowalk, Bent, verkstjóri í Svalbarðsstrandarhreppi, f. 29. september 1962 í Þýskalandi.
17. Lund, Hermod Ingemar Jakob, verkstjóri á Patreksfirði, f. 20. mars 1933 í Noregi.
18. Mellk, Marilyn Herdís, húsmóðir í Reykjavík, f. 4. febrúar 1961 í Bandaríkjunum. Fær réttinn 31. desember 1985.
19. Middleton, Inga Lís, nemi í Reykjavík, f. 9. desember 1964 í Englandi.
20. Mileris, Maria Carmen, húsmóðir í Reykjavík, f. 12. ágúst 1949 á Spáni.
21. Moustacas, Ilias Karolos, nemi í Reykjavík, f. 21. maí 1963 á Íslandi.
22. Nilssen, Erna, húsmóðir í Gerðahreppi, f. 18. ágúst 1948 á Íslandi.
23. Nilssen, Gyða Minny, húsmóðir í Gerðahreppi, f. 26. apríl 1951 á Íslandi.
24. Paulsen, Ingrid Marie, kennari í Garðabæ, f. 4. nóvember 1936 í Þýskalandi.
25. Ponzi, Tómas Atli, nemi í Mosfellssveit, f. 10. júní 1959 á Íslandi.
26. Popović, Sava, tækniteiknari í Reykjavík, f. 28. október 1945 í Júgóslavíu.
27. Richardson, Paul, kennari í V-Skaftafellssýslu, f. 2. ágúst 1943 í Skotlandi.
28. Smíd, Pavel, tónlistarmaður í Reykjavík, f. 6. janúar 1949 í Tékkóslóvakíu.
29. Smídová-Mintcheva, Violeta, tónlistarmaður í Reykjavík, f. 22. ágúst 1944 í Búlgaríu.
30. Sólheim, Edgar, verkamaður í Neskaupstað, f. 1. janúar 1960 á Íslandi.
31. Stupcanu, Ioan, tónlistarmaður í Reykjavík, f. 11. október 1948 í Rúmeníu.

2. gr.

Nú fær n aður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taka sem kenningarnafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kys heldur, að breyta svo eiginnafni sínu að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

Þeim, sem hafa áður fengið íslenskt ríkisfang með lögum með því skilyrði að þeir breyttu nafni sínu í samræmi við ákvæði þeirra laga sem verið hafa með öðrum hætti í því efni en hér að ofan greinir, skal heimilt, til ársloka 1985, að fá nöfnum sínum breytt þannig að þau samrýmist ákvæðum þessara laga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. júní 1985.

Steingrímur Hermannsson.

Ólafur Þ. Þórðarson.
(L. S.)

Magnús Þ. Torfason.

Steingrímur Hermannsson.